

Sjálfsmat í Grunnskóla Seltjarnarness skólaárin 2006-2010

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Inngangur.....	2
Skólastarf og sjálfsmat.....	3
Sjálfsmatsaðferðir.....	3
Nám og kennsla	9
Samræmd könnunarpróf	14
Skólanámskrá og markmiðasetning	15
Stoðþjónusta og skimanir	16
Nemendur og líðan	19
Foreldrar, samskipti og upplýsingamiðlun	23
Vefsíða	25
Þróunarverkefni.....	26
Mannauður	27
Líðan og samvinna	29
Símenntun	30
Starfsandi.....	31
Stjórnun og skipulag	32
Sterkir þættir, veikir þættir og önnur verkefni framundan	33

Inngangur

Grunnskóli Seltjarnarness varð til við sameiningu grunnskólanna á Seltjarnarnesi, Mýrarhúsa-skóla og Valhúsaskóla, þann 1. ágúst 2004. Mýrarhúsaskóli hafði starfað frá árinu 1875 en Valhúsaskóli var stofnaður árið 1974. Í Grunnskóla Seltjarnarness eru (vorið 2010) tæplega 575 nemendur á tveimur starfsstöðvum og við skólann starfa um 110 manns.

Góð íþróttastaða er við skólann en íþróttahús, sundlaug og gervigrasvöllur eru mitt á milli starfsstöðvanna. Tónlistarskólinn er einnig miðsvæðis og er öflugt samstarf á milli skólanna. Nemendur geta t.d. stundað tónlistarnám á skólatíma.

Félagsmiðstöðin Selið ber hitann og þungann af félagslífi nemenda á unglíngastigi og starfsmenn Selsins hafa einnig komið að kennslu í félagsmálafræði. Skólaskjól, sem er lengd viðvera fyrir nemendur 1.-4. bekkjar, er starfrækt við skólann.

Í nágrenni skólans eru margar náttúruperlur sem kennarar nýta til að auka fjölbreytni kennslunnar. Í Gróttu er fjölskrúðugt fuglalíf, gífurlegur fjöldi plantna og fjölbreytt lífríki sem vert er að skoða. Þar er fræðasetur sem skólinn hefur aðgang að og góð staða fyrir ýmiss konar kennslu. Aðrir áhugaverðir staðir í nágrenni skólans eru t.d. Seltjörn, Bakkavík, Bakkatjörn og Valhúsahæð.

Skólinn starfar eftir skólastefnu Seltjarnarness sem birt er á vefsíðu skólans.

Í stefnunni er m.a. lögð áhersla á að

- öll börn á Seltjarnarnesi hafi gleði af námi, beri virðingu hvert fyrir öðru og séu örugg í heilbrigðu og hvetjandi skólaumhverfi.
- öll börn á Seltjarnarnesi læri sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu, samskipti og öðlist þannig sterka sjálfsmynd, tækifæri og metnað til frekari menntunar á áhugasviði sínu.
- öll börn á Seltjarnarnesi verði sjálfstæðir og ábyrgir einstaklingar sem láti gott af sér leiða í lýðræðisþjóðfélagi.
- öll börn á Seltjarnarnesi fái kennslu í skólum sem hafi á að skipa hæfileikaríku og metnaðarfullu starfsfólki í hvetjandi starfsumhverfi.
- öll börn á Seltjarnarnesi upplifi gagnkvæma virðingu og traust milli allra aðila sem að skólastarfinu koma.

(<http://www.seltjarnarnes.is/media/fraedslusvid//skolastefnaL.pdf>)

Skólastarf og sjálfsmat

Í Grunnskóla Seltjarnarness er nemandinn í brennidepli, líðan hans og þarfir. Kennt er á þremur skólastigum og þarfir hvers og eins eru hafðar í huga við undirbúning kennslunnar. Yngsta stig er 1.-3. bekkur, miðstig er 4.-6. bekkur og unglingastig er 7.-10. bekkur. Grunnskóli Seltjarnarness er starfræktur í tveimur skólahúsum, Mýrarhúsaskóla (1.-6. bekkur) og Valhúsaskóla (7.-10. bekkur).

Stefnt er að því að nemendur njóti náms í hvetjandi umhverfi sem virkjar frumkvæði þeirra, hugvit og sköpun. Með það markmið í huga er boðið upp á sveigjanlega náms- og kennsluhætti svo að hver og einn fái eitthvað við sitt hæfi. Vinnuframlag nemenda er metið og námsmati hagað samkvæmt því. Áhersla er lögð á að gera nemendur ábyrga fyrir námi sínu. Skólinn nýtir upplýsingatækni í námi og kennslu þar sem það hentar.

Í skólanum er lögð áhersla á heilbrigðan metnað, alhliða þroska og menntun hvers og eins. Lögð er áhersla á jákvæðan aga, þar sem hver og einn ber ábyrgð á sjálfum sér. Einnig er lagt upp úr virkri þátttöku alls skólasamfélagsins.

Lögð er áhersla á að laða að og halda í metnaðarfullt starfsfólk sem vinnur að því að byggja upp jákvæða sjálfsmynd nemenda þar sem gagnkvæm virðing og góð samskipti eru höfð að leiðarljósi.

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 gr. 35 og 36 og aðalnámskrá grunnskóla (almennum hluta) ber skólum að gera formlegt sjálfsmat og gefa út sjálfsmatsskýrslu.

Sjálfsmat Grunnskóla Seltjarnarness er stöðugt og rauntengt. Dag hvern fer fram mat á skólastarfi í umræðum kennara, annars starfsfólks, foreldra og annarra rýnihópa þar sem stöðugt er verið að endurmeta með það að markmiði að gera betur. Formlegt mat er einnig ástundað með skipulögðum hætti eins og nánar verður komið að síðar.

Tilgangur sjálfsmats er að leggja grunn að sívirku umbótastarfi í hverjum skóla, greina þarfir skólans fyrir breytingar og umbætur með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Sjálfsmati er ætlað að skilgreina styrkleika og veikleika, draga fram það góða og benda á það sem betur má fara.

Sjálfsmatsaðferðir

Árið 2006 var gerð áætlun um sjálfsmat til þriggja ára en árið 2009 var sú áætlun framlengd um eitt ár og lauk því vorið 2010.

Áætlunin var með eftirfarandi hætti:

Fyrsta ár (2006-2007):

Tími: 1. ár	Áætlun um framkvæmd	Framkvæmdaraðilar og þátttakendur
okt. – jan.	Undirbúningsvinna matshóps og skólasamfélagsins. Leitað eftir hugmyndum skólasamfélagsins um þá þætti sem mikilvægt er að leggja mat á og forgangsröð þeirra. Foreldraráð, kennararáð og nemendaráð.	Skólasamfélagið undir stjórn matshóps.
okt.	Áætlun um sjálfsmat til þriggja ára lögð fram og kynnt.	Matshópur og skólasamfélagið
feb. - mars.	Gagnaöflun/vefkannanir úr Skólamati. Starfsmenn, nemendur og foreldrar svara spurningaflokkum um <i>Líðan og Samskipti</i> .	Matshópur, starfsmenn, nemendur og foreldrar
mars. – apr.	Unnið úr niðurstöðum Skólamatsins, settar fram sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum. Gerð áætlun um aðgerðir.	Matshópur
apr. – maí	Gagnaöflun/vefkannanir úr Skólamati. Starfsmenn, nemendur og foreldrar svara spurningaflokkum <i>Almennt um skólann</i> . Matshópur vinnur úr þessum upplýsingum og setur fram sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum.	Matshópur, starfsmenn, nemendur og foreldrar
apríl – júní	Starfsmannasamtöl tekin og unnið úr þeim atriðum sem þar koma fram og tengjast mati á skólastarfi. Matshópur og skólastjórnendur vinna úr þessum upplýsingum og setja fram sterkar og veikar hliðar starfsins, samkvæmt niðurstöðum starfsmannasamtala, og hugmyndir að umbótum. Sjálfsmatsskýrsla vetrarins unnin. Þar koma fram sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum. Sjálfsmatsskýrslan byggir á framangreindri gagnaöflun og öðru mati sem fram hefur farið á árinu.	Skólastjórnendur, matshópur, starfsfólk, foreldrar og nemendur.

Annað ár (2007-2008):

Tími: 2. ár	Áætlun um framkvæmd	Framkvæmdaraðilar og þátttakendur
júní - ágúst	Sjálfsmatsskýrsla fyrsta árs kynnt starfsmönnum skólans, foreldraráði, nemendaráði og fræðslufirvöldum. Sjálfsmatsskýrsla sett á heimasíðu skólans.	Matshópur, starfsmenn, nemendaráð, foreldraráð og fræðslufirvöld
ágúst – sept.	Niðurstöður starfsmannasamtala vorsins kynntar fyrir starfsfólki. Farið yfir, á fundum í upphafi skólaárs, til hvaða aðgerða verður gripið strax varðandi atriði sem þar komu fram og hvaða atriði bætast við umbótahugmyndir við gerð skólaþróunaráætlunar. Matshópur dregur saman umbótahugmyndir sem komu fram í mati síðasta árs. Umbótamiðuð skólaþróunaráætlun sett fram fyrir yfirstandandi skólaár og kynnt fyrir skólasamfélaginu.	Matshópur, starfsfólk og skólasamfélagið
október	Gildandi endurmenntunaráætlun yfirfarin á grundvelli skólaþróunaráætlunar og þarfagreiningar meðal starfsfólks. Gagnaöflun/vefkannanir úr Skólamati. Starfsmenn, nemendur og foreldrar svara spurningaflokkum um <i>Líðan og Samskipti</i> .	Matshópur, starfsmenn, nemendur og foreldrar
nóv. – des.	Unnið úr niðurstöðum gagnaöflunar úr Skólamati og settar fram sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum. Gerð áætlun um aðgerðir.	Matshópur
jan. – mars	Gagnaöflun/vefkannanir úr Skólamati. Starfsmenn, nemendur og foreldrar svara spurningaflokkum um <i>Nám og kennslu</i> . Starfsmenn svara auk þess spurningum um <i>Starfið í skólanum</i> . Matshópur vinnur úr þessum upplýsingum og setur fram sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að úrbótum.	Matshópur, starfsmenn, nemendur og foreldrar
apríl – júní	Starfsmannasamtöl tekin og unnið úr þeim atriðum sem þar koma fram og tengjast mati á skólastarfi. Matshópur og skólastjórnendur vinna úr þessum upplýsingum og setja fram sterkar og veikar hliðar starfsins og hugmyndir að umbótum. Sjálfsmatsskýrsla vetrarins unnin, þar sem fram koma sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum. Sjálfsmatsskýrslan byggir á framangreindri gagnaöflun og öðru mati sem fram hefur farið á árinu.	Skólastjórnendur, matshópur, starfsfólk, foreldrar og nemendur.

Þriðja ár (2008-2009)

Tími: 3. ár	Áætlun um framkvæmd	Framkvæmdaraðilar og þátttakendur
júní - ágúst	Sjálfsmatsskýrsla annars árs kynnt starfsmönnum skólans, foreldraráði, nemendaráði og fræðslufirvöldum. Sjálfsmatsskýrsla sett á heimasíðu skólans.	Matshópur, starfsmenn, nemendaráð, foreldraráð og fræðslufirvöld
ágúst – sept.	Niðurstöður starfsmannasamtala vorsins kynntar fyrir starfsfólki. Farið yfir, á fundum í upphafi skólaárs, til hvaða aðgerða verður gripið strax varðandi atriði sem þar komu fram og hvaða atriði bætast við umbótahugmyndir við gerð skólaþróunaráætlunar. Matshópur dregur saman umbótahugmyndir sem komu fram í mati síðasta árs. Umbótamiðuð skólaþróunaráætlun sett fram fyrir yfirstandandi skólaár og kynnt fyrir skólasamfélaginu	Matshópur, starfsfólk og skólasamfélagið
október.	Gildandi endurmenntunaráætlun yfirfarin á grundvelli skólaþróunaráætlunar og þarfagreiningar meðal starfsfólks. Gagnaöflun/vefkannanir úr Skólamati. Starfsmenn, nemendur og foreldrar svara spurningaflokkum um <i>Líðan og Samskipti</i> .	Matshópur, starfsmenn, nemendur og foreldrar
nóv. – des.	Unnið úr niðurstöðum gagnaöflunar úr Skólamati og settar fram sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum. Gerð áætlun um aðgerðir.	Matshópur
jan. – mars	Gagnaöflun/vefkannanir úr Skólamati. Starfsmenn, nemendur og foreldrar svara spurningaflokkum <i>Upplýsingastreymi, stjórnun, stefnumörkun, og skipulag</i> . Matshópur vinnur úr þessum upplýsingum og setur fram sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum.	Matshópur, starfsmenn, nemendur og foreldrar
apríl – júní	Starfsmannasamtöl tekin og unnið úr þeim atriðum sem þar koma fram og tengjast mati á skólastarfi. Matshópur og skólastjórnendur vinna úr þessum upplýsingum og setja fram sterkar og veikar hliðar starfsins og hugmyndir að umbótum. Sjálfsmatsskýrsla vetrarins unnin, þar sem fram koma sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum. Sjálfsmatsskýrslan byggir á framangreindri gagnaöflun og öðru mati sem fram hefur farið á árinu.	Skólastjórnendur, matshópur, starfsfólk, foreldrar og nemendur.

Fjórða ár (2009-2010)

Tími: 4. ár	Áætlun um framkvæmd	Framkvæmdaraðilar og þátttakendur
júní - ágúst	Sjálfsmatsskýrsla þriðja árs kynnt starfsmönnum skólans, foreldraráði, nemendaráði og fræðslufirvöldum. Sjálfsmatsskýrsla sett á heimasíðu skólans.	Matshópur, starfsmenn, nemendaráð, foreldraráð og fræðslufirvöld
ágúst – sept.	Niðurstöður starfsmannasamtala vorsins kynntar fyrir starfsfólki. Farið yfir, á fundum í upphafi skólaárs, til hvaða aðgerða verður gripið strax varðandi atriði sem þar komu fram og hvaða atriði bætast við umbótahugmyndir við gerð skólaþróunaráætlunar. Matshópur dregur saman umbótahugmyndir sem komu fram í mati síðasta árs. Umbótamiðuð skólaþróunaráætlun sett fram fyrir yfirstandandi skólaár og kynnt fyrir skólasamfélaginu.	Matshópur, starfsfólk og skólasamfélagið
október.	Gildandi endurmenntunaráætlun yfirfarin á grundvelli skólaþróunaráætlunar og þarfagreiningar meðal starfsfólks.	Skólastjóri, matshópur, starfsmenn, nemendur og foreldrar
nóv. - des	Unnið úr niðurstöðum gagnaöflunar úr Skólapúlsinum og settar fram sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum. Gerð áætlun um aðgerðir.	Matshópur
feb. - Mars.	Gagnaöflun/vefkannanir úr Skólamati. Starfsmenn, nemendur og foreldrar svara spurningaflokkum um <i>Líðan og Samskipti</i> .	Matshópur, starfsmenn, nemendur og foreldrar
mars. – apr.	Unnið úr niðurstöðum gagnaöflunar úr Skólamati og settar fram sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum. Gerð áætlun um aðgerðir.	Matshópur
apr – maí	Gagnaöflun/vefkannanir úr Skólamati. Starfsmenn, nemendur og foreldrar svara spurningaflokkum <i>Almennt um skólann</i> . Matshópur vinnur úr þessum upplýsingum og setur fram sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum.	Matshópur, starfsmenn, nemendur og foreldrar
apríl – júní	Starfsmannasamtöl tekin og unnið úr þeim atriðum sem þar koma fram og tengjast mati á skólastarfi. Sjálfsmatsskýrsla vetrarins unnin, þar sem fram koma sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum sem byggjast á framangreindri gagnaöflun og öðru mati sem fram hefur farið á árinu.	Skólastjórnendur, matshópur, starfsfólk, foreldrar og nemendur.

Þessu til viðbótar bættust við verkefni og kannanir sem tilgreind eru hér.

Sýn, starfshættir, starfsþróun

- Samantektir frá verkefnisstjórum þróunarverkefna
- Skýrslur námsráðgjafa (birtar á vefsíðu skólans)
- Umræður á kennarafundum
- Þarfagreining í tengslum við símenntunaráætlun
- Niðurstöður samræmdra könnunarprófa (sjá nánar síðar)
- Fundir skólaráðs (sjá fundargerðir)
- o.fl.

Annað nemendamat

1. Fulltrúar nemenda funduðu með skólaráði á þriðja og fjórða matsári auk þess sem skipulagðir voru fundir með nemendum á báðum stigum.
2. Á unglिंगastigi héldu stjórnendur bekkjarfundi í 9. og 10. bekk í tengslum við valgreinar á unglिंगastigi. Reynt var að koma til móts við óskir nemenda um val eins og kostur var.
3. Á fjórða matsári voru á unglिंगastigi (7. – 10. bekk) haldnir matsfundir þar sem lagt var upp með eftirfarandi spurningar:
 - Hvað eruð þið ánægð með í skólanum?
 - Hvað má betur fara í skólanum ?
 - Hvað getum við gert til að öllum líði vel í skólanum. ?Unnið var úr niðurstöðum og reynt að koma til móts við það sem hægt var. Sumar óskir nemenda eru nú þegar komnar inn á framkvæmdaáætlun.
4. Á þriðja matsári var sett á stofn ráð sem hugaði að hagsmunum nemenda á yngsta og miðstigi. Nemendur könnuðu hug nemenda til ýmissa þátta m.a. til matseðils skólans og í framhaldi af því var farið í umbætur og nemendur hafðir með í ráðum.
5. Tengslakannanir voru lagðar fyrir í bekkjum m.a. í tengslum við röðun í bekki, til að koma í veg fyrir einelti o.s.frv. og niðurstöður komu að góðu gagni. Gerð var áætlun um hvenær þær verði lagðar fyrir hvern aldurshóp í framtíðinni.
6. Vímuefnaneysla ungs fólks á Seltjarnarnesi, könnun lögð fyrir 2006 og 2009 af Rannsóknnum og greiningu.
7. Hagir og líðan barna í Grunnskóla Seltjarnarness, könnun lögð fyrir 2006 og 2009 af Rannsóknnum og greiningu.
8. Kynbundin tölvufærni, tölvunotkun og viðhorf, könnun lögð fyrir 2006.
9. Heilsa og líf skjör skólabarna 2006 og 2010, Rannsókn gerð af HA og Lýðheilsustöð

Áætlanir tengdar skólastarfi

Á þriðja og fjórða ári var unnið að yfirferð ýmissa áætlana fyrir skólann. Þær eru [allar birtar](#) á vefsíðu skólans:

- *Móttökuáætlun*
 - Fyrir nemendur

- Fyrir starfsfólk
- *Áætlun gegn einelti*
 - Fyrir nemendur
 - Fyrir starfsfólk
- *Öryggisáætlun*
 - Aðgerðaáætlun Valhúsaskóla
 - Aðgerðaáætlun Mýrarhúsaskóla
 - Vinnuumhverfisvísir Valhúsaskóla
 - Vinnuumhverfisvísir Mýrarhúsaskóla
- *Brunavarnir*
 - Rýmingaráætlun Mýrarhúsaskóla
 - Rýmingaráætlun Valhúsaskóla
- *Röskun á skólastarfi vegna óveðurs*
 - Viðbrögð foreldra
 - Viðbrögð starfsfólks
 - Viðbrögð foreldra á erlendum tungumálum
- *Aðrar áætlanir og verklagsreglur:*
 - Áfallaáætlun
 - Jafnréttis- og mannréttindaáætlun
 - Viðbragðsáætlun vegna Inflúensufaraldurs
 - Símenntunaráætlun starfsfólks
 - skólaárið 2010-2011
 - skólaárið 2009-2010
 - skólaárið 2008-2009
 - Verklagsreglur vegna nemenda með fjölþættan vanda
 - Grænfáninn

Nám og kennsla

Eins og fram kom í kaflanum skólastarf og sjálfsmat er nemandinn í brennidepli í Grunnskóla Seltjarnarness. Áhersla er lögð á líðan hans og þarfir og að hann njóti náms í hvetjandi umhverfi. Skólinn býr svo vel að búa við stöðugleika í starfsmannahaldi og hefur stór hluti starfsfólksins starfað mjög lengi við skólann.

Skólinn er með mótaða sýn og starfshætti og hefur byggt upp sterkt skólasamfélag með virkri þátttöku starfsfólks og skólasamfélagsins alls. Mikil samvinna er milli Grunnskóla Seltjarnarness, Tónlistarskóla Seltjarnarness og Íþróttafélagsins Gróttu. Nemendur fá að sækja tónlistartíma á skólatíma og íþróttafélagið Gróttu skipuleggur æfingar yngri flokka beint eftir að skóladegi lýkur.

Námskrár, kennsluáætlanir, handbók foreldra o.fl.

Í skólanum er kennt samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og kennslan er skipulögð þannig að meginmarkmið og kjarnaefni er það sama fyrir allan námshópinn. Nemendur geta samt sem áður unnið að markmiðum sínum á mismunandi hátt til dæmis hvað varðar hraða og áherslur á mismunandi námsþætti. Auk þess eru einstaka nemendur með einstaklingsnámskrár sem víkja mismikið frá bekkjarnámskrá.

[Vitinn](#), [handbók foreldra](#), er gefinn út árlega í skólanum. [Skóladagatal](#) og [skólanámskrá](#) koma einnig út á hverju ári og allt er þetta hluti af starfsáætlun skólans. Skólanámskráin er yfirfarin á hverju hausti en hún byggir á aðalnámskrá grunnskóla. Auk skólanámskrárinnar eru gefnar út [kennsluáætlanir](#) í hverri námsgrein. Í kennsluáætlunum kemur m.a. skýrt fram hvernig námsmati er háttað. Allar áætlanir eru aðgengilegar á vefsíðu skólans www.grunnskoli.is.

Kennsla á yngsta stigi

Hefð hefur verið fyrir því að kennarar kenni ár eftir ár á sama stigi. Umsjónarkennari á yngsta stigi hefur kennt allar námsgreinar í viðkomandi bekk og fylgt bekknum eftir í þrjú ár. Kennarar hvers árgangs hafa þó ávallt unnið náið saman. Á yngsta stigi hefur kennsla verið með hefðbundnum hætti en þó hefur hópur kennara verið að þróa kennsluhætti þannig að þeir blanda árganginum meira saman, eru með fjölbreytta hópaskiptingu og deila ábyrgð. Auk þessa hafa þeir lýst yfir vilja til þess að taka upp Byrjendalæsi en það er lestrarkennsluáðferð sem á rætur að rekja til Akureyrar.

Kennsla á miðstigi

Á miðstigi (4. – 6. bekk) er skipulagið með öðrum hætti en á yngsta stigi. Haustið 2007 fór af stað tilraunaverkefni þar sem kennarar 4. bekkjar sérhæfðu sig í kennslu ákveðinna námsgreina sem þeir kenndu þá öllum bekkjum í sínum árgangi (þrír bekkir í árgangi en margbreytileg hópaskipting, þó ekki getuskipting). Kennarar voru mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag og hefur það því haldist á öllu miðstiginu.

Skipulagið er með þeim hætti að bekkirnir blandast í íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði og raungreinum. Hver umsjónarkennari sérhæfir sig í kennslu einnar námsgreinar. Þá grein kennir viðkomandi kennari í öllum árganginum auk þess sem hann kennir aðrar greinar í umsjónarhópi sínum á bekkjargrunni, s.s. lífsleikni og ensku. Ákveðið var að kennarar kenndu ekki sömu námsgrein í mörgum árgöngum til að tryggja að fyrirkomulagið kæmi ekki í veg fyrir eðlilegt og nauðsynlegt uppbrot í skólastarfinu, t.d. möguleikann á því að taka fyrir heildstæð þemaverkefni. List- og verkgreinar eru kenndar í lotum innan hvers árgangs í fámennum hópum (allt að 12 nemendur í hverjum hópi).

Kennsla á unglíngastigi

Á unglíngastignu er löng hefð fyrir faggreinakennslu. Í skólanum hafa verið 3 – 4 bekkir í árgangi og því hafa orðið til mjög öflug teymi kennara, 2-4 kennarar í námsgrein. Faggreinakennarar kenna hver sína námsgrein og hver kennari hefur sína heimastofu. List- og verkgreinar eru

kenndar í lotum innan árganga í 7. og 8. bekk en kennslustundir eru ýmist 40 eða 80 mínútur. Kaffi- og matartímar eru tvískiptir.

Boðið eru upp á valgreinar í 9. og 10. bekk en hver nemandi í þessum árgöngum velur sér námsgreinar í 5-7 kennslustundir (2-3 námsgreinar). Allir nemendur eru með einn tíma á viku með umsjónarkennara, svokallaðan umsjónartíma. Allir nemendur hafa auk þess verið með svokallaða samtíma í töflum. Samtímar eru nýttir til vettvangsferða og fyrirlestra varðandi ýmislegt sem tengist námsefni nemenda, forvörnum eða öðru.

Stoðþjónusta

Ýmiss konar stoðþjónusta auk sérkennslu er veitt í skólanum. Við skólann starfa tveir námsráðgjafar, annar sinnir 1.–6. bekk og hinn 7.–10. bekk. Þar starfa einnig skólasálfræðingar, skólahjúkrunarfræðingar og talmeinafræðingur. Sjá nánar síðar.

List- og verkgreinar – skipulag

List- og verkgreinakennsla í 2.-8. bekk er kennd í lotum. Hver lota er að meðaltali í 7 vikur (mismunandi eftir árgöngum).

Skólasafn og tölvuver

Starfsemi skólasafns tekur mið af skólanámskrá og mótast af óskum kennara um samstarf og kennsluhætti. Náin samvinna kennara og bókasafnsfræðings er forsenda þess að safnið nýtist.

Dæmi um notkun skólasafns:

- Heilir bekkir í fylgd kennara í ýmiss konar verkefnavinnu.
- Hluti bekkjar vinnur verkefni á safni meðan aðrir eru í stofu hjá kennara.
- Nemendur koma af sjálfsdáðum þegar þeir eru ekki í tíma.
- Nemendur koma á safnið til að stunda fjarnám, t.d. í erlendum tungumálum eða til að taka framhaldsskólaáfangi.
- Nemendur taka stöðupróf á safninu.
- Nemendur nýta sér aðbúnað skólasafnsins við heimanám.
- Oft eru margir þessara þátta í gangi í einu á safninu en nemendur sem eru að vinna að námstengdum verkefnum hafa alltaf forgang.

Auk skólasafna eru tölvuver í báðum byggingum skólans sem nýtast nemendum. Í Valhúsaskóla er að auki lítið tölvuver tengt skólasafni og nýtist það nemendum m.a. við verkefnavinnu þegar eyður myndast í stundaskrá, í hádegishléum eða eftir skóla.

Námsgögn

Notast er við grunnnámsefni sem gefið er út af Námsgagnastofnun. Einnig eru keyptar viðurkenndar námsbækur af öðrum útgáfufyrirtækjum. Mikið er lagt upp úr því að nota nýjasta efnið á markaði en einnig að námsefnið sé fjölbreytt. Þannig er komið til móts við sem flesta nemendur. Nærumhverfi skólans er nýtt til kennslu og lögð áhersla á útikennslu þar sem nemendum er kennt að njóta útiveru og bera virðingu fyrir umhverfi sínu.

Skólaskjól

Skólaskjól er dagvist fyrir nemendur í 1.-4. bekk. Þangað koma nemendur eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. Skólaskjólíð opnar um kl 13:00 eða um leið og kennslu lýkur og lokar kl 17:15.

Í Skólaskjólinu er leitast við að skapa heimilislegt andrúmsloft þar sem börnin fást við ýmiss konar þroskandi störf og taka þátt í leikjum, úti og inni. Sem dæmi um viðfangsefni má nefna heimilisfræði, handmennt og myndlist. Hópar nemenda úr Skólaskjólinu fara einnig vikulega í kirkjustarf.

Í Skólaskjóli býðst nemendum að taka þátt í fjölbreyttu tómstundastarfi, s.s. hreyfingu, gönguferðum, lestri bóka, tölvuleikjum, sögustundum og föndri.

Heimanám

Á **ynsta stigi og miðstigi** er megináhersla lögð á lestur og lesskilning enda byggir allt nám meira eða minna á góðri lestrarfærni. Á Mentor er birt vikuáætlun nemenda yfir heimanám. Nemendur hafa val um hvenær þeir vinna heimanámið en ber að skila því í síðasta lagi 6 dögum eftir birtingu áætlunar. Lögð er áhersla á að það sé stígandi í heimanámi barnanna. Daglegt heimanám ætti ekki að taka lengri tíma en 20 mín á yngsta stigi og 30 mínútur á miðstigi nema ef um er að ræða undirbúning fyrir próf.

Á **unglingastigi** er heimavinna nauðsynlegur hluti af náminu. Það er æskilegt að nemendur fái tækifæri til að vinna í næði úr því sem lagt er inn í kennslustundum. Nemendur þurfa auk þess að venjast því að nám er vinna og heimanám krefst þess að nemendur skipuleggi tíma sinn. Kennarar unglingsstigs setja upplýsingar um heimavinnu inn á Mentor.

Skólareglur

Í skólanum er unnið í anda Uppbyggingar (Restitution), sem einnig gengur undir nafninu Uppeldi til ábyrgðar. Um er að ræða mannúðarstefnu sem leggur áherslu á að kenna sjálfstjórn og ýtir undir hæfni til að bera ábyrgð á eigin orðum og gerðum.

Mikilvægur þáttur í uppbyggingu er að öllum sé ljóst hvert sé hlutverk þeirra og lífsgildi. Virðing er leiðarljós í samskiptum. Í tengslum við innleiðingu stefnunnar hafa skólareglur verið endurskoðaðar.

Nemendafjöldi

Í Grunnskóla Seltjarnarness fer nemendum fækkandi en skólaárið 2009-2010 voru nemendur 575. Þeim hafði þá fækkað talsvert á matstímabilinu og mun fækka áfram. Í 1. – 10. bekk eru tvær til fjórar bekkjardeildir í árgangi. Um 60 kennarar starfa við skólann.

Mat og úrbætur

Aðbúnaður í skólanum er góður og skólastarf í föstum skorðum. Það má e.t.v. segja að það vanti upp á samþættingu námsgreina í unglingsáætlun skólans en kennsluhættir þurfa að vera í stöðugri endurskoðun. Símenntunarferli skólans ætti að styðja við kennara varðandi kennsluhætti en s.l. skólaár var boðið eru upp á „klæðskerasaumaða símenntunaráætlun“ þar sem hver og einn getur valið sér nám og verkefni við hæfi. Hér fyrir aftan eru talin upp helstu atriði sem búið er

að setja á dagskrá í skólamátsáætlun í kjölfar kannanna og viðtala við starfsfólk, nemendur og foreldra.

Námskrár, kennsluáætlanir, handbók foreldra o.fl.

Haustið 2008 var handbók foreldra endurbætt og inniheldur nú allar hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra og aðra sem að skólastarfinu koma. Sama haust var skólanámskrá yfirfarin vandlega og allar kennsluáætlanir birtar á vefsíðu skólans. Sjá nánar í kaflanum *Skólanámskrá og markmiðssetning*.

Samhliða þessu var ný vefsíða sett upp fyrir skólann þar sem markmiðið var að gera aðgengilega upplýsingasíðu þar sem einnig mætti sjá fréttir úr skólastarfinu. Vel hefur gengið að setja inn á síðuna en stöðugt er unnið að því að uppfæra hana og gera hann betri og aðgengilegri. Foreldrar eru ánægðir með hana auk þess sem við höfum fengið jákvæð viðbrögð frá nemum í HÍ sem skoðuðu og báru saman vefsíður skóla.

Kennsla á yngsta stigi

Það sem er sérstaklega jákvætt og skiptir miklu máli er líðan nemenda. Nemendum á yngsta stigi líður vel í skólanum skv. könnunum og gengur almennt séð vel á prófum eins og Tove Krogh og Læsi. Samt sem áður hefur árangur nemenda á samræmdum prófum í íslensku því miður ekki verið að standast væntingar okkar og hafa kennarar og stjórnendur ákveðið að taka upp lestrarkerfið Byrjendalæsi frá og með hausti 2010. Næstu skólaár er nauðsynlegt að fylgjast vel með þróun mála í lestarkennslu. Tryggja þarf í sessi nýjar aðferðir í lestrarkennslu og sjá til þess að lestri sé fylgt betur eftir í efri bekkjum grunnskólans.

Kennsla á miðstigi

Ánægja hefur verið með skipulag kennslu á miðstigi og finnst kennurum greinakennslan vera að koma vel út. Nemendum virðist einnig líða vel á stiginu eins og fram kemur í könnunum eins og *Heilsa og lífskjör skólabarna*. Kennarar hafa verið að vinna að námsmati á stiginu auk þess sem margir eru áhugasamir um að breyta fyrirkomulagi á kennslu í samfélagsfræði, náttúrufræði og kristinfræði. Áhugi kennara miðar að því að kenna greinarnar meira í lotum. Þetta verður skoðað á næstu árum.

Kennsla á unglingastigi

Nemendur á unglingastigi eru að koma mjög vel út á samræmdum könnunarprófum og eru almennt séð ánægðir í skólanum. Drengjum líður þó marktækt verr en stúlkum og er nauðsynlegt að rýna enn betur í þær niðurstöður. Á komandi hausti stendur til að búa til rýnihópa og skoða með nemendum hvað þeir eru ánægðir með og hvað betur má fara.

Í eineltismálum er skólinn að koma út rétt fyrir neðan landsmeðaltal en það er vissulega vilji til þess að skora enn betur þar. Stefnt er að því að öllum nemendum líði vel í Grunnskóla Seltjarnarness. Hafin er vinna við endurnýjun eineltisáætlunar og búið er að panta fyrirlesara til að ræða við starfsfólk á komandi hausti.

Skólasafn og tölvuver

Á síðasta ári var ráðinn bókasafnsfræðingur í Mýrarhúsaskóla og breytti það miklu fyrir safnið þar. Skólasafn og tölvuver hafa oft verið mikið tengd og á næsta ári munu verða skoðaðir möguleikar á að tengja enn betur þessa tvo þætti.

Heimanám

Mikil umræða hefur verið um heimanám í gegnum tíðina og sitt sýnist hverjum um gildi þess. Ákveðið hefur verið að skoða þennan þátt skólastarfsins sérstaklega þar sem alltaf er eitthvað um að foreldrar hafi samband við t.d. námsráðgjafa og finnist heimanámið vera verulega íþyngjandi fyrir börn sín og fjölskyldulíf. Haustið 2010 stendur til að taka þessi mál á dagskrá kennarafunda til að byrja með en bera svo niðurstöður kennara undir foreldra.

Skólareglur

Skólareglurnar voru endurskoðaðar haustið 2008 og samræmdar að stórum hluta á milli byggingar. Haustið 2010 verða þær samræmdar að öllu leyti en einnig má búast við endurnýjun á skólareglunum í kjölfar nýrrar reglugerðar.

Samræmd könnunarpróf

Samræmd könnunarpróf eru lögð fyrir í 4., 7. og 10. bekk á hverju hausti. Mikilvægt er að fylgjast með framfarastuðli á milli bekkja þar sem hann mælir framfarir hvers nemanda. Árangur á samræmdum prófum hefur verið kynntur á kennarafundum og á skólanefndarfundum. Glaðst er yfir góðum árangri og rætt um þá þætti sem betur mega fara.

Mat og úrbætur

Þegar niðurstöður samræmdra prófa koma í skólann eru þær rýndar með umsjónarkennurum, sérkennurunum og stjórnendum. Skoðað er hvaða þættir hafa komið vel út og hvað miður. Niðurstöður er skoðaðar með það í huga að endurskoða þurfi skólastarfið og/eða koma betur til móts við ákveðna nemendur.

Niðurstöður prófanna síðustu ár benda til þess að gera þurfi breytingar í lestrarkennslu og efla hana á öllum skólastigum. Haustið 2010 fara kennarar á yngsta stigi á námskeið í byrjendalæsi. Flestir kennarar skólans sátu fyrirlestur um gagnvirkan lestur hjá Svanhildi Kr. Sverrisdóttur vorið 2010 en öllum kennurum stendur til boða leiðsögn í gagnvirkum lestri í framhaldi af fyrirlestrinum. Íslenskukennarar á unglingastigi munu jafnframt sækja námskeið fyrir íslenskukennara á vegum menntasviðs Reykjavíkurborgar.

Skólanámskrá og markmiðasetning

Eins og fram hefur komið ber skólum, samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla, að gera skólanámskrá og starfsáætlun skóla. Skólanámskrá skal vera nánari útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla og er skólastjóri ábyrgur fyrir því að hún sé unnin og kynnt.

Markmið og framkvæmd

Skólanámskrá Grunnskóla Seltjarnarness hefur verið í stöðugri endurskoðun í fjöldamörg ár. Hún er birt á [vef skólans](#) og fá foreldrar upplýsingar um hvar hana er að finna á skólakynningum auk þess sem foreldrum eru sendar upplýsingar um staðsetningu hennar í tölvupósti. Markmiðið er að skólanámskráin sé lifandi raunverulegt plagg um starfshætti skólans. Skólanámskráin skiptist í:

1. **Yfirlit yfir námsgreinar í 1.-10. bekk** þar sem fjallað er stuttlega um viðfangsefni einstakra námsgreina, námsmat og kennslustundafjölda. Frekari upplýsingar um markmið og kennsluaðferðir er að finna í **kennsluáætlunum**, sem gerðar eru í upphafi hverrar annar og einnig eru birtar á vef skólans. Þennan hluta skólanámskrár er að finna á heimasíðunni bæði sem eitt skjal og sem aðgengilegt plagg hvers árgangs.
2. **Hagnýtar upplýsingar um skólastarfið - Vitinn.** Þessi hluti skólanámskrár er handbók fyrir foreldra en þar má finna skóladagatal, upplýsingar um stoðþjónustu skólans, skólareglur o.m.fl.
3. **Ýmsar áætlanir.** Skóladagatal, símenntunaráætlun, móttökuáætlun, sjálfsmatsáætlun, jafnréttis- og mannréttindaáætlun o.fl.

Mat og úrbætur

Í viðhorfakönnunum foreldra vorið 2009 kemur fram að ánægja er með skipulag skólastarfsins í Grunnskóla Seltjarnarness en ljóst er að gera þarf betur varðandi kynningu á stefnu og markmiðum skólans. Gerðar hafa verið ýmsar úrbætur á starfsáætlun skólans s.l. tvö ár.

Skólahandbókin Vitinn var gefin út í fyrsta sinn skólaárið 2008-2009 með það að markmiði að gera ýmsar hagnýtar upplýsingar, varðandi skólastarfið, aðgengilegar fyrir foreldra og nemendur. Fyrsta útgáfa Vitans var afhent inn á heimili allra nemenda á prenti. Ákveðið var að uppfærsla Vitans yrði svo birt á heimasíðu skólans upp frá því.

Síðastliðin tvö skólaár hefur verið lögð áhersla á að kennarar birti kennsluáætlanir sínar á heimasíðu skólans en fram að því var umfjöllun um einstakar námsgreinar í skólanámskrá látin nægja. Markmið með útgáfu kennsluáætlana er að nemendur og foreldrar geti betur áttað sig á því sem er að gerast í náminu hverju sinni og geti fylgst með því hvernig markmiðum aðalnámskrár er framfylgt.

Í kennsluáætlunum skulu koma fram markmið með náminu, kennsluaðferðir sem notaðar eru, yfirferð á efni og námsmat. Markmiðið með þessari vinnu var að snúa frá bókastýrðri kennslu

yfir í að láta markmiðin ráða ferð. Í mörgum tilfellum hefur það gengið mjög vel en betur má ef duga skal og verður áfram unnið að sama marki með starfsfólki skólans. Mjög stífar kennsluáætlanir geta einnig virkað hamlandi á kennara þar sem þær koma í veg fyrir allan sveigjanleika. Lögð var áhersla á það við kennara að kennsluáætlanir mættu ekki draga úr sveigjanleika kennslunnar en nauðsynlegt er að fylgjast áfram með því.

Skólaráð hefur farið yfir núverandi skipulag skólanámskrár og hafði engar athugasemdir við það skipulag sem komið var á síðasta vetur. Foreldrar fögnuðu því sérstaklega að t.d. kennsluáætlanir væru gerðar aðgengilegar. Á næstu árum þarf að huga að nýrri útfærslu á skólanámskrár í ljósi nýrrar Aðalnámskrár sem er væntanleg á komandi skólaári.

Skóladagatal er gefið úr árlega og birt á vefsíðu skólans. Skólinn hefur unnið skóladagatalið í samvinnu við leikskóla og tónlistarskóla auk þess sem íþróttafélagið hefur fengið það sent til umsagnar. Mikið ánægja hefur verið með þessa samvinnu þar sem samræmdir eru starfsdagar o.fl. Nú er lögð áhersla á að hugsa foreldra- og starfsdaga út frá þörfum heimilanna en ekki einungis út frá þörfum skólans. Á næsta ári verður einnig haft samband við framhaldsskólana þegar skóladagatalið verður gert.

Innleiðing uppbyggingarstefnunnar hefur verið í gangi í Grunnskóla Seltjarnarness s.l. Þrjú ár en engin formleg innleiðingaráætlun, til lengri tíma, verið gerð. Komin er tími til að gera slíka áætlun. Einnig er mikilvægt að kynna stefnuna betur fyrir foreldrum. Gefinn hefur verið út bæklingur en hann hefur einungis verið afhentur áhugasömum. Stýrihópur hefur verið starfandi við skólann s.l. tvö ár og mun hann vinna að fyrrgreindum verkefnum og halda innleiðingu stefnunnar áfram.

Skólaárin 2008-2010 voru gerðar ýmsar áætlanir sem lúta að skipulagi skólastarfsins og eru þær hluti af starfsáætlun skólans. Þessar áætlanir eru birtar á heimasíðu skólans undir tenglinum hagnýtt/áætlanir. Reglulega þarf að uppfæra áætlanirnar og fylgja eftir því sem þar hefur verið ákveðið s.s. að kanna hvort skólinn geri árlega kyngreinanlegar kannanir á líðan nemenda, samskiptum þeirra og viðhorfum til skólans.

Stoðþjónusta og skimanir

Skóli án aðgreiningar er leiðarljós við skipulagningu og framkvæmd sérkennslu í Grunnskóla Seltjarnarness. Í því felst að skólinn sé fyrir öll börn sem búa á Seltjarnarnesi og eru á skólaskyldualdri.

Sérkennslan er annars vegar almenn sérkennsla fyrir nemendur með almenna og sértæka námsörðugleika, í lestri, íslensku og stærðfræði og nemendur með hegðunarerfiðleika, röskun á

hreyfifærni og máli- eða tali. Hins vegar er um að ræða sértæka sérkennsla og stuðning fyrir nemendur með alvarleg frávík sem hafa veruleg áhrif á möguleika þeirra til að nýta sér nám í almennum skilningi. Þetta eru fjölfatlaðir nemendur, nemendur með alvarlega samskipta- og hegðunarörðugleika eða geðraskanir og eru greiningar á vanda þeirra komnar frá viðurkenndum greiningaraðilum.

Almenn sérkennsla fer að mestu fram í litlum hópum til lengri eða skemmri tíma, allt eftir þörfum nemanda, ýmist í sérkennslustofu eða inni í bekk. Í námshópunum eru nemendur úr sama árgangi sem hafa líkar námslegar þarfir og sjá sérkennarar um kennsluna. Þegar margir nemendur með námsörðugleika eru í sama bekk koma stuðningsfulltrúar inn í bekk til aðstoðar. Sértæk sérkennsla er skipulögð fyrir nemendur sem fá úthlutað fjármagni miðað við greiningu og þörf fyrir stuðning. Þroskaþjálfar, sérkennarar og stuðningsfulltrúar sinna þessum nemendum og vinna samkvæmt einstaklingsnámskrám. Í kringum hvern nemanda er teymi sem annast kennslu og umönnun nemandans og skiptir skóladeginum á milli sín. Í teyminu eru í flestum tilvikum tveir eða þrír starfsmenn sérkennslu. Teymisfundir eru haldnir reglulega og einu sinni í mánuði eru fundir með foreldrum og umsjónarkennara. Einstaklingsnámskrár eru unnar af teyminu og umsjónarkennari er í sumum tilfellum þátttakandi í þeirri vinnu.

Nýbúakennsla

Börn af erlendum uppruna og börn sem hafa búið lengi erlendis fá kennslu í íslensku og aðstoð við að ná tókum á skólastarfinu. Kennsla þessara nemenda er einstaklingsmiðuð og fer fram bæði innan bekkjar og utan. Mikil áhersla er lögð á aðlögun náms og að nemendur taki sem mestan þátt í daglegu starfi skólans.

Talkennsla

Talmeinafræðingur er ráðinn í verktakavinnu að skólanum. Hann kemur að jafnaði einu sinni í viku og sinnir talþjálfun nemenda með málþroskaraskanir. Jafnframt sinnir hann ráðgjöf til foreldra barna sem eru með framburðarfrávík.

Skólasálfræðingur

Við skólann starfa tveir skólasálfræðingar í verktakavinnu. Þeir skipta með sér verkum á þann hátt að annar sinnir nemendum á yngsta- og miðstigi en hinn er aðallega á unglíngastigi. Þó getur starfsvið þeirra skarast ef verkefni kalla á það. Hlutverk þeirra felst fyrst og fremst í greiningu á vanda nemenda og ráðgjöf til foreldra og kennara. Ennfremur taka þeir nemendur í stuðningsviðtöl í ákveðinn tíma. Skólasálfræðingar sitja í nemendaverndarráði skólans.

Námsráðgjafar

Við skólann starfa tveir námsráðgjafar, á unglíngastigi og á yngsta- og miðstigi. Þeir eru fyrst og fremst trúnaðarmenn nemenda en sinna einnig ráðgjöf til kennara og foreldra. Þeir eru í lykilhlutverki í vinnu með eineltismál sem hvíla að miklu leyti á þeirra herðum. Þeir sitja í nemendaverndarráði og eineltisráði skólans.

Skimanir

Veturinn 2006-2007 voru skimanir þær sem skólinn leggur fyrir settar í fastar skorður. Gerður var listi þar sem fram koma hvaða próf eru lögð fyrir á hvaða tíma og hver er ábyrgur fyrir því (sjá töflu hér að neðan). Þessum skimunarlista fylgir síðan yfirlit yfir hvernig staðið er að hverju prófi fyrir sig, hvar það er geymt, hvernig lesið úr því og hvernig unnið er með niðurstöðum.

Bekkur	Próf	Tími	Ábyrgur
1. bekkur	Tove Krogh Málþroskaskimun talkennara Læsi 1. bekkur 1. hl. Læsi 1. bekkur 2. hl. Læsi 1. bekkur 3. hl. Raddlestrarpróf (fyrir læsa nem.)	Lok sept. byrjun okt. September Nóvember Mars Maí eða sept. í 2. bekk. Janúar og maí	Deildarstj. Sérk. Talkennari Deildarstj. sérkennslu. Deildarstj. stigs
2. bekkur	Aston Index stafsetning Læsi 2. bekkur 1. hl. Læsi 2. bekkur 2. hl. Raddlestrarpróf	September Nóvember Mars Ágúst, jan og maí	Deildarstj. sérk. Deildarstj. sérk. Deildarstj. sérk. Deildarstj. yngra st.
3. bekkur	Aston Index stafsetning Raddlestrarpróf LH 60	September Ágúst, jan. og maí. Janúar	Deildarstj. Sérk. Deildarstj. yngra st. Deildarstj. sérk.
4. bekkur	Aston Index stafsetning Samræmd próf í ísl. og stæ. Raddlestrarpróf LH 40	September September Sept., jan og maí. Janúar	Deildarstj. Sérk. Umsjónarkennari Deildarstj. miðst. Deildarstj. sérkennslu
5. bekkur	Aston Index stafsetning Raddlestrarpróf	September Ágúst, jan. og maí.	Deildarstj. Sérk. Deildarstj. stigs
6. bekkur	Aston Index stafsetning Raddlestrarpróf	September Ágúst, jan. og maí	Deildarstj. sérk. Deildarstj. stigs
7. bekkur	Samræmd próf í ísl. og stæ. Skimunarpróf í stærðfræði	Október September	Umsjónarkennari Stærðfræðikennarar
9. bekkur	GRP-14	September	Deildarstj. sérkennslu
10. bekkur	Samræmd próf	September	Skólastjórnendur

Mat og úrbætur

Þeir sem að sérkennslu koma byggja vinnu sína á niðurstöðum skimana svo og eigin athugunum. Mat er því stór hluti af vinnu sérkennara og mikil áhersla lögð á fagleg vinnubrögð.

Skipulag sérkennslunnar hefur tekið töluverðum breytingum á sl. 5 árum. Nú er lögð aukin áhersla á að sérkennslan fari fram inni í bekk og að horft sé á hvernig hægt er að aðlaga námsefni fyrir nemendur. Einnig hefur verið stefnt að auknu upplýsingaflæði til foreldra um stöðu nemenda, bæði sem fyrirbyggjandi aðgerð og eins til að stuðla að samvinnu heimila og

skóla um námið. Fundir með foreldrum eru skráðir í Mentor þannig að nýjustu upplýsingar um nemendur eru ávallt aðgengilegar.

Í næsta skólaári stendur til að fjölga tímum í sérkennslu í 1. og 2. bekk. Ástæðan er sú að þarft þykir að vinna meira fyrirbyggjandi starf í lestri og stærðfræði strax frá upphafi 1. bekkjar.

Önnur breyting sem gerð verður í ár er að einn sérkennari sér um alla sérkennslu í tveimur samliggjandi árgöngum á yngsta og miðstigi, í 1. og 2. bekk, 3. og 4. bekk o.s.frv. Með því fæst ákveðin samfella í þjónustu við nemendur og auðveldara er að halda utan um stuðninginn sem nemendur fá. Í unglingadeild hefur verkaskipting sérkennara verið eftir fögum en ekki eftir aldri nemenda. Á komandi skólaári kemur sérkennari af miðstigi til með að fylgja 7. bekkjar nemendum eftir yfir í unglingadeildina til að tryggja samfellu í þjónustu við þá.

Ávallt er stefnt að því að bæta þjónustuna við nemendur. Settar hafa verið fram reglur um hvenær lestrargreiningar eru lagðar fyrir nemendur sem grunur er um að séu með lestrarerfiðleika. Einnig hefur verið ákveðið að endurtaka eldri greiningar þegar nemendur koma í 10. bekk, ef þörf krefur. Þetta er gert til að nemendur séu með nýjar greiningar þegar þeir fara í framhaldsskóla.

Í könnun á skólastarfi, sem lögð var fyrir að vori 2007 og endurtekin vorið 2010, voru spurningar um sérkennslu lagðar fyrir foreldra. Fram kemur að fjöldi foreldra á unglingastigi segist vera mjög eða frekar ánægður með sérkennsluna í skólanum. Fjöldi þeirra sem eru mjög eða frekar ánægðir hefur aukist úr 41% í 45%. Á yngsta stigi og miðstigi er þessi tala 52% og stöðug á milli ára.

Nemendur og líðan

Góð líðan nemenda skiptir mestu í skólastarfinu. Umsjónarkennarar gegna lykilhlutverki í mati á líðan nemenda í góðu samstarfi við foreldra og aðra fagaðila innan skólans en jafnframt er fylgst með líðan nemenda í gegnum ýmsar kannanir.

Á yngsta stigi eru gerðar einfaldar kannanir (broskarlakannanir) en á mið- og unglingastigi eru gerðar rafrænar kannanir (Skólamat og Skólapúls). Annað hvert ár leggur Rannsókn og greining svo fyrir stóra könnun um líðan og hagi nemenda í 5.-10. bekk. Síðastliðin 4 ár hefur skólinn keypt aðgang að kannakerfinu Outcome og notað þá þjónustu til þess að útbúa kannanir sem lagðar eru fyrir nemendur í 4.-10. bekk, foreldra þeirra og starfsfólk skólans (Skólamat, sjá matsáætlun).

Á hverju ári er t.d. gerð könnun á líðan og samskiptum nemenda og niðurstöður teknar saman og útbúnar úrbótaáætlanir, sem kynntar eru skólasamfélaginu. Niðurstöður frá Skólapúlsi og Rannsókn og greiningu eru kynntar á kennarafundum og gerðar áætlanir um úrbætur. Kannanir sem þessar gefa okkur vísbendingar um líðan nemenda í skólanum og þar með tækifæri til að

bregðast við. Skólapúlsinn og könnunin frá Rannsókn og greiningu en hann gefur okkur mikilvægan samanburð við aðra skóla.

Nemendaverndarráð fjallar um málefni einstaka nemenda. Í nemendaverndarráði skólans eiga sæti skólastjóri, aðstoðarskólastjórar, deildarstjóri sérkennslu, skólahjúkrunarfræðingar og skólasálfræðingar. Nemendaverndarráð kemur saman að jafnaði tvisvar í mánuði á starfstíma skólans.

Tveir starfsmenn skólans hafa öðlast réttindi til að bjóða nemendum ART þjálfun sem er þjálfun í reiðistjórnun. ART er ensk skammstöfun á þjálfuninni *Aggression Replacement Training*. Aðalhlutverk ART þjálfunar er að þjálfar nemendur í sjálfstjórn. ART byggir á þremur þjálfunaraðferðum; félagsfærniþjálfun, þjálfun í reiðistjórnun og þjálfun í að takast á við siðferðilegar klemmur. Reynsla hefur sýnt að ART þjálfunin er mjög áhrifarík og skilar í flestum tilfellum góðum árangri og betri líðan.

Vinabekkir hittast nokkrum sinnum á skólaári og vinna ýmis verkefni sem miða að því að koma á tengingu milli nemenda, þvert á skólastig, í leik og starfi. Markmiðið er að nemendur kynnist og tilfærslan milli skólastiga verði nemendum auðveldari. Á vorönn hittir 3. bekkur elstu börn leikskólans og 6. bekkur hittir 9. bekk.

Góð samskipti, sem einkennast af virðingu, milli nemenda og starfsfólks eru forsenda þess að öllum líði vel. Skólinn hefur valið sér að starfa eftir hugmyndafræði *Uppeldi til ábyrðar (Restitution)* en hugmyndafræðin leggur áherslu á uppbyggileg og jákvæð samskipti fremur en reglur. Lögð er áhersla á lífsgildi eins og heiðarleika, umburðarlyndi og samúð, að allir þurfi öryggi í samskiptum og að ekki sé strítt eða gert lítið úr neinum. Ýmis uppbyggingarverkefni eru unnin og bekkjarfundir gefa nemendum tækifæri til að ræða um hvernig þeir vilja hafa bekkinn sinn og skólann sinn. Mörk eiga að vera skýr bæði fyrir börnum og fullorðnum. Markmiðið er að allir læri að þekkja grunnþarfir sínar og uppfylla þær án þess að ganga á rétt annarra. Í stýrihópi Uppbyggingar eiga sæti 3 kennarar, námsráðgjafar, þroskaþjálfari og fulltrúi starfsfólks.

Einelti er ekki liðið í skólanum, en skólinn hefur unnið eineltisáætlun til að vinna eftir ef slík mál koma upp.

Nemendur hafa tækifæri til þess að hafa áhrif á skólastarfið í gegnum nemendaráð, skólaráðgjafa, skólaráð og á vinnufundum með nemendum og stjórnendum. Í unglingsdeild skólans (7.-10. bekk) er starfandi nemendaráð. Nemendur sjá sjálfir um val í nemendaráð með lýðræðislegri kosningu. Nemendur bjóða sig fram, halda framboðsræður og síðan er kosið. Í stjórn nemendaráðs eru 4 nemendur. Auk nemendaráðsins vinna nemendur í félagsmálafræði mikið og gott starf í skipulagningu félagslífs skólans. Nemendaráð er ráðgefandi fyrir skólastjórnendur í ýmsum málum, en auk þess skipuleggur nemendaráð félagslíf skólans með starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar Selsins.

Samstarf skólans og félagsmiðstöðvarinnar er með eindæmum gott og oft tekið sem dæmi um fyrirmyndarsamstarf í öðrum bæjarfélögum. Á yngsta- og miðstigi eru skólaráðgjafar, en nemendur úr 6. bekk sinna því hlutverki. Einn strákur og ein stúlka eru kosin í hverjum bekk og eru ráðgefandi fyrir skólastjórnendur um það sem við kemur nemendum og skólastarfinu. Vinnufundir voru haldnir á unglíngastigi í fyrsta skipti skólaárið 2009-2010. Fundirnir tókust mjög vel og eru komnir til að vera. Á fundunum komu góðar og gagnlegar ábendingar frá nemendum sem nú þegar hefur verið tekið tillit til. Nemendur höfðu t.d. áhrif á námsframboði í valgreinum, og aukinn tíma í stundatöflum milli íþróttasunds og almennra kennslustunda.

Mat og úrbætur

Þau ár sem könnunin *Líðan og samskipti* hefur verið lögð fyrir hér í skólanum hafa tæplega 90% nemenda svarað því til að þeim líði vel eða mjög vel í skólanum. Einnig eiga um 90% nemenda í góðum samskiptum við aðra nemendur. Foreldrar telja að börnum sínum líði vel í skólanum í 85% tilvika, þeir hafa jákvætt viðhorf til skólans og finnst þeir velkomnir þegar þeir koma í skólann.

Tveir námsráðgjafar starfa við skólann og vinna mjög gott starf með þeim nemendum sem til þeirra leita. Einnig er mikil ánægja með þá sálfræðiþjónustu sem skólinn hefur veitt skólaárið 2009-2010. Breytingin fólst í því að hafa ekki lengur sálfræðing í 80% stöðu við skólann heldur að bjóða upp á aðkeypta þjónustu. Sú breyting hefur reynst vel og áfram verður unnið með þeim hætti.

Samvinna við félagsmiðstöðina Selið hefur verið til fyrirmyndar og erum við stolt af því samstarfi. Við erum einnig stolt af auknu nemendalýðræði við skólann, þar sem vinnufundir með nemendum og skólaráðgjöfum hefur reynst mjög vel. Nemendaráð hefur einnig verið duglegt að koma með ábendingar til bættis skólastarfs.

Í könnun á líðan og samskiptum nemenda hafa foreldrar gert athugasemdir við viðbrögð skólans þegar eineltismál koma upp. Einnig kom sterklega í ljós að foreldrar hafa áhyggjur af gæslu í íþróttahúsi. Í sömu könnun svara 4% nemenda því til að þeim líði frekar illa eða mjög illa í frímínútum. 61% þeirra nemenda sem svara því til að þeim sé stundum eða oft strítt í skólanum nefna skólalóðina sem stað þar sem stríðni á sér stað. Einnig segjast um 66% nemenda ekki leita til starfsfólks ef eitthvað er að. Niðurstöður úr könnunum Skólapúlssins frá skólaárinu 2008-2009 sýndu að áberandi meiri kvíði og vanlíðan var hjá nemendum í nóvember og fram til febrúar það skólaár. Einnig sýndu niðurstöður að samband nemenda við kennara var ekki nógu gott og stuðningur kennara við nemendur var marktækt minni hér miðað við landsmeðaltal. Niðurstöður úr skólamatskönnunum síðustu ára (2006, 2007 og 2008) sýna að marktækur munur er á líðan stúlkna og drengja í skólanum, þ.e. að drengjum virðist líða verr.

Ný eineltisáætlun er í vinnslu og er það liður í að bregðast við athugasemdum foreldra um meðferð eineltismála. Áætlunin verður ítarlegri og aðgengilegri en sú fyrri og von bundin við að með henni verði öll vinnsla eineltismála í fastari skorðum.

Gæsla í íþróttahúsi hefur verið erfið þar sem þeir starfsmenn, sem sjá um gæsluna, eru ekki starfsmenn skólans. Fundað hefur verið með yfirmanni íþróttamannvirkja og farið yfir stöðu mála. Í síðustu könnun mældust umkvartanir vegna gæslu í íþróttahúsi óverulegar þannig að von er bundin við að þessi mál séu að komast í betra horf. Miðað er að því að funda einu sinni á hvorri önn með yfirmanni íþróttamannvirkja til að fara yfir og meta stöðu mála.

Skólalóð nemenda í 1.-6. bekk hefur einnig reynst erfið hvað varðar gæslu í frímínútum. Lóðin er margskipt og víða má finna ýmsa króka og kimar. Það þarf því mikinn mannskap til að annast gæsluna. Markmiðið er að starfsmenn verði aldrei færri en 3 í hverjum frímínútum. Einnig hefur tvískipting frímínútna verið til mikilla bóta og því fyrirkomulagi verður haldið áfram.

Markvisst þarf að hvetja nemendur skólans til þess að leita til starfsfólks ef eitthvað er að, en jafnframt þarf að ræða við starfsfólk um að vera ávallt jákvætt fyrir þeim málum sem nemendur leita til þeirra með. Með því að hjálpa nemendum með mál sín erum við að sýna þeim að okkur stendur ekki á sama. Þetta þarf að taka upp á starfsmannfundum í haust.

Kvíði sem kom fram hjá nemendum í könnun Skólapúlsins 2008-2009 skýrist vafalítið af neikvæðri umræðu um efnahagsástandið á Íslandi því þessar tölur hafa verið á uppleið frá þessum tíma. Ekki var því sérstaklega brugðist við þessu öðruvísi en þannig að reynt var að leiða huga nemenda að öðru en „kreppu-tali“. Varðandi samband kennara og nemenda og stuðning kennara við nemendur þá var sá þá þáttur tekinn fyrir á kennarafundi og miðað við niðurstöðu síðasta mánaðar (okt.2010), þá erum við á mikilli uppleið í þessum flokki (2 stigum fyrir ofan landsmeðaltal). Þess skal getið að ársmeðaltal frá Skólapúlsinum skólaárið 2009-2010 hefur ekki borist.

Strákum virðist líða verr í skólanum okkar en stúlkum. Við bindum vonir við að framlag drengja á vinnufundum, t.d. um hvaða námsgreinar þeim þykja áhugaverðar geti hjálpað okkur í því að ná frekar til drengjanna.

Ákveðið hefur verið að gera tengslakannanir í 3., 5., 7., 8., 9. og 10. bekk næsta skólaár til að skoða félagatengsl í bekkjardeildunum. Tengslakannanir eru lagðar fyrir til að fá innsýn í hvernig einstaklingar í hópi tengjast, hverjir eru líklegir til að geta unnið vel saman eða verið saman við tiltekna aðstæður. Einnig gefur tengslakönnun innsýn í félagslega stöðu einstaklinga, vinsældir, höfnun, trygg sambönd o.fl. Slíkar kannanir veita upplýsingar og auka líkur á að brugðist verði enn frekar við þörfum nemenda.

Foreldrar, samskipti og upplýsingamiðlun

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (2006) eru það þrír hópar sem mynda skólasamfélagið í hverjum skóla en það eru nemendur, starfsfólk og foreldrar/forráðamenn. Gott samstarf heimilis og skóla er ein meginforsenda þess að skólinn geti sinnt hlutverki sínu. Foreldrar og forráðamenn bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna. Skólinn aðstoðar þá í uppeldishlutverkinu og skapar menntunartækifæri. Menntun og velferð nemenda er því sameiginlegt verkefni skólans og heimilanna. Samstarf þessara aðila þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu og trausti. Mesta áherslu ber að leggja á samstarfið um hvern einstakling, nám hans og velferð. Einnig ber að leggja áherslu á samstarf í einstökum bekkjardeildum um nám og bekkjaranda. Loks er mikilvægt að traust samstarf sé milli heimila og skóla um skólastarfið í heild, t.d. hvað varðar viðmið um hegðun, skólabrag og skólastefnu. Umsjónarkennari er aðaltengiliður skólans við heimilin. Hann er í samskiptum við foreldra um þau mál sem snerta einstaka nemendur og bekkjarstarfið.

Upplýsingastreymi, heimasíða skólans

Grunnskóli Seltjarnarness leggur áherslu á gott upplýsingastreymi milli heimila og skóla. Heimasíða skólans hefur að geyma allar helstu upplýsingar um skólastarfið. Þar er hægt að nálgast **Vitann**, sem er handbók foreldra um skólastarfið. Skólanámskrá skólans og kennsluáætlanir kennara eru birtar á heimasíðu skólans. Kennarar hafa ekki lengur fastan viðtalstíma en allir starfsmenn skólans hafa netfang og hægt er að senda þeim tölvupóst eða koma skilaboðum gegnum skrifstofu skólans. Öllum skilaboðum er svarað við fyrsta tækifæri. Kennarar og stjórnendur senda upplýsingar til foreldra í gegnum Mentor eins oft og þurfa þykir.

Námsefniskynningar eru haldnar í byrjun september. Námskeiðið, Skólafærni, fyrir foreldra nemenda í 1. bekk, er haldið að vori og hausti. Foreldraviðtöl eru í október og janúar. Foreldrar eru einnig velkomnir í skólann og geta haft samband við kennara og skólastjórnendur á starfstíma skólans.

Skólaráð

Skólaráð starfar samkvæmt 8. gr. laga nr. 91/2008 og er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalagd. Það tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann, fjallar um skólanámskrá, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Fulltrúar sitja á skólanefndarfundum og koma þar sjónarmiðum foreldra á framfæri auk þess að leggja fram tillögur. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólalagdi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn.

Foreldrafélag

Foreldrafélagið er samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum. Foreldrafélagið vinnur að því að efla samskipti barna, foreldra og starfsmanna skólans. Hlutverk þess er að

stuðla að góðum skólaanda m.a. með því að vinna að öfluglu félagslífi í skólanum, stuðla að auknum kynnum barna, foreldra og starfsmanna og koma sjónarmiðum og hugmyndum foreldra, varðandi skólastarfið, til skólastjórnenda og foreldraráðs. Foreldrafélagið styður við starf bekkjarfulltrúa, hefur virk samskipti við þá og skipuleggur auk þess ýmsa viðburði sem efla skólaandann. Foreldrafélagið vinnur að ýmsum málum í grenndarsamfélaginu, s.s. forvarnarmálum, en sú vinna foreldrafélagsins eflir tengsl foreldra og barna við grenndarsamfélagið.

Bekkarfulltrúar gegna mikilvægu hlutverki í því að efla og styrkja samstarf foreldra, umsjónarkennara og nemenda innan hvers bekkjar. Bekkarfulltrúi hlustar eftir skoðunum foreldra og kemur þeim á framfæri, til viðeigandi aðila, ef þörf er á. Bekkarfulltrúar mynda svokallað fulltrúaráð foreldrafélagsins. Foreldrafélagið heldur fulltrúaráðsfundi a.m.k. tvisvar á vetri og fulltrúi foreldráðs situr einnig þá fundi til að efla upplýsingaflæðið.

Skipulag foreldrasamstarfs, fastir viðburðir

- Skólasetningardagur. Foreldrar boðnir velkomnir með nemendum
- Námssefniskynningar eru haldnar í byrjun september fyrir foreldra barna í 2. – 10. bekk. Kynningarnar eru haldnar að morgni þ.e. tvær fyrstu kennslustundir morgunsins. Þar eru kosnir bekkjarfulltrúar sem m.a. skipuleggja bekkjarskemmtanir. Um miðjan mánuðinn er skólafærninámskeið fyrir foreldra 1. bekkinga.
- Foreldraviðtöl eru tvisvar á skólaárinu, hið fyrra um miðjan október en hið síðara í lok janúar eða byrjun febrúar. Umsjónarkennari, foreldrar og nemandi (í 2.-10. bekk) ræða saman um skólastarfið, námsframvindu, líðan og félagstengsl.
- Í 2.-6. bekk er vitnisburðarblöð haustannar afhent í foreldraviðtölum eftir áramót þ.e. í jan. eða febr. Vitnisburður er sendur heim nokkrum dögum fyrir viðtal. Nemendur, foreldrar og umsjónarkennari fara þá yfir námsframvindu og annað sem varðar nemandann.
- Sérkennarar og sérgreinakennarar eru til viðtals á foreldradögum. Þeir boða foreldra og nemendur í viðtal til sín eftir þörfum. Foreldrar eða nemendur geta óskað eftir viðtali ef þeir vilja.
- Vorhátíð. Hátíð fyrir 1.-6. bekk skipulögð af foreldrafélagi og skóla í sameiningu.
- Lokaball. Ballið er haldið á skólaslitadegi fyrir nemendur í 7.-10. bekk en ballið er skipulagt af foreldrafélagi og starfsmönnum Selsins.
- Aðrir viðburðir eru mismunandi eftir bekkjum s.s. bekkjarkvöld og aðrar skemmtanir.

Mat og úrbætur

Niðurstöður úr könnunum árána 2006-2008 sýna að yfir 80% foreldra eiga gott eða mjög gott samstarf við skólann. Foreldrar sem eiga börn á yngsta stigi, eiga betri samskipti við skólann og er marktækur munur á svörum frá þeim og foreldrum barna á mið- og unglingastigi. Foreldrar eru einnig ánægðir með samstarf við umsjónarkennara og mest er ánægjan á yngsta stigi en mun síðri á unglingastigi enda er umsjónarkennari ekki í eins nánu sambandi við foreldra á

unglingastigi eins og á yngri stigum. Foreldrum finnst þeir velkomnir í skólann og að þeir fái almennt skjót svör við erindum sínum.

Um 75% foreldra telja sig eiga góð samskipti við skólastjórnendur en þetta væri æskilegt að bæta, þannig að samskipti við stjórnendur væru ekki verri en samskipti við skólann almennt. Ef til vill ættu foreldrar að hitta foreldra oft og ræða skólastarf almennt, þannig að foreldrar og stjórnendur kynnist betur og eigi samræðu um áherslur í skólastarfi frá upphafi skólagöngu barnanna. Foreldrar lýstu óánægju sinni með Mentor og töldu sig ekki geta treyst því að fá allar upplýsingar frá kennurum. Við þessu var strax brugðist og allir kennarar fengu námskeið í notkun Mentor. Allir setja nú heimavinnu inn á Mentor og ákveðið var að opna verkefnabók fyrir foreldrum. Þar geta foreldrar fylgst með verkefnaskilum barna sinna og niðurstöðum ýmissa kannana.

Vefsíða

Í aðalnámskrá, almennum hluta 2006, s 21 segir m.a.: „Brýnt er að skólar gefi reglulega skýrar og góðar upplýsingar um skólastarfið og áætlanir sem liggja fyrir um starfsemi skólans. Þetta má gera með ýmsum hætti t.d. í foreldraviðtölum, á sameiginlegum kynningum meðforeldrahópum, í skólanámskrá og á vefsíðu skólans“. Vefurinn er mjög öflugur miðill og nánast öllum aðgengilegur sama hvar fólk er staðsett. Því hefur verið unnið markvisst að því að efla vef skólans til hagsbóta fyrir nemendur, starfsfólk, foreldra og aðra áhugasama.

Vefsíða Grunnskóla Seltjarnarness <http://grunnskoli.is> var tekin til gagnerrar endurskoðunar haustið 2008. Til að gera vefinn sem aðgengilegastan fyrir alla var haft samband við fyrirtækið *Sjá* sem sérhæfir sig í hönnun vefsíðna og þar fengum við hjálp við að smíða veftré og þarfagreina. Í því skini að halda niðri kostnaði og skapa heildarmynd var notast við fyrirframmótað útlit vefs Seltjarnarnesbæjar.

Á síðunni er kappkostað að segja fréttir og veita allar nýjustu upplýsingar um skólasamfélagið. Leitast er við að haga niðurröðun efnis á þann hátt að það sé auðfundið. Á síðunni er að finna mikinn fjölda mynda úr skólastarfinu. Einn starfsmaður skólans hefur umsjón með heimasíðunni.

Mat og úrbætur

Til þess að vefsíða skólans sé sá upplýsingamiðill sem henni er ætlað að vera, þarf hún að vera í sífelltri endurskoðun. Alltaf má deila um hvar best sé að staðsetja upplýsingar þannig að allir finni það sem leitað er að. Athugasemdir hafa borist um útlit og uppsetningu síðunnar og að langar leiðir séu að efni sem ætti að vera auðfinnanlegt. Allar slíkar athugasemdir eru skoðaðar og reynt er að finna betri lausnir.

Til athugunar er að stofna rýnihóp, með þátttöku nemenda, starfsfólks og foreldra með það að markmiði að ákveða hvernig vef við viljum og hvernig hann svari best þörfum notenda. Í framhaldi af slíkri vinnu yrði vefnum breytt og hann lagaður að þörfum fjölbreytts hóps.

Þróunarverkefni

Grænfáninn er umhverfismerki, sem veitt er skólum sem tákni um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu. Undanfarin tvö ár hefur skólinn verið „skóli á grænni grein“ og unnið markvisst að ákveðnum verkefnum sem efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Þann 27. apríl 2010 fékk skólinn Grænfánann til varðveislu næstu tvö árin. Umsjónarmaður verkefnisins er: Laufey Alda Sigvaldadóttir, deildarstjóri.

Climate and Energy Awareness

Samstarfsverkefni í náttúrufræði (9. og 10. bekkur) við skóla í Danmörku og á Spáni. Í verkefninu er fjallað um orkugjafa og orkunotkun með það að markmiði að vekja nemendur til umhugsunar um orkuhegðun sína og áhrif orkugjafa á umhverfið. Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu. Umsjónarmenn verkefnisins eru: Laufey Alda Sigvaldadóttir, deildarstjóri og Valgerður Johnsen, kennari

Culture in a box

Samstarfsverkefni í lífsleikni (unglingastig) við skóla í Búlgaríu, Eistlandi, Tyrklandi og Póllandi. Með verkefninu kynnast nemendur fjölbreyttri menningu ólíkra landa og sjá að lífsskilyrði og tækifæri eru ekki þau sömu fyrir alla. Markmiðið er að kenna umburðarlyndi og virðingu fyrir menningu annarra þjóða. Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu. Umsjónarmaður verkefnisins er: Helga Krístrún Hjálmarsdóttir, kennari.

One smile makes all languages sound the same

Samstarfsverkefni í lífsleikni (unglingastig) við skóla í Lettlandi, Tyrklandi og Búlgaríu. Í verkefninu kynnast nemendur menningu unglunga í öðrum löndum. Markmiðið er að nemendur þessara landa eigi samskipti og læri að bera virðingu hver fyrir öðrum, þrátt fyrir menningarlegan mismun. Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu. Umsjónarmaður verkefnisins er: Helga Krístrún Hjálmarsdóttir, kennari. Heimasíða verkefnisins er: one-smile.eu

Klæðskerasaumuð símenntun

Skólaárið 2009 – 2010 verður skipulag símenntunar kennara með nýju sniði. Markmiðið er að hver kennari geti sjálfur skipulagt starfsþróun sína á þann hátt sem hann telur gagnast sér best. Umsjón með verkefninu hafa Ingvar Sigurgeirsson, prófessor á Menntavísindasviði og Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, kennslufræðingur og doktorsnemi við Menntavísindasvið. Sjá nánar hér fyrir framan.

Moodle

Tilgangur verkefnisins er að skapa heildrænt og öruggt námsumhverfi á veraldarvefnum fyrir nemendur á unglíngastigi í Grunnskóla Seltjarnarness. Námsumhverfinu er ætlað að halda utan um námsáfangana í náttúrufræði og dönsku. Námsumhverfið á að hvetja til samvinnu og eftirfylgni milli skóla, nemenda og foreldra. Hugmyndin um námsumhverfið er sótt að miklum hluta til kenninga sem byggja á einstaklingsmiðuðu námi og hugsmíðahyggju. ...

Umsjón með verkefninu hafa þær Helga Krístrún Hjálmarsdóttir og Kirsten Lybæk Vangsgaard

Mat og úrbætur

Áfram verður unnið samkvæmt umhverfisstefnu skólans. Það hefur gengið vel en rétt þykir að skerpa betur á flokkun bæði hjá starfsmönnum og nemendum. Umferðaröryggishópur verður stofnaður á næsta skólaári til að vinna að því að bæta umferðaröryggi barnanna.

Áfram verður haldið með verkefni sem Evrópusambandið styrkir. Þau eru til tveggja ára og fyrra árið hefur gengið samkvæmt áætlun. Skipulag símenntunar starfsfólks verður með sama sniði næsta skólaár.

Mannauður

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 í 12. gr. kemur fram að starfsfólk grunnskóla skuli rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samvirkusemi. Það skal gæta kurteis, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki. Grunnskóli Seltjarnarness stefnir ávallt að því að ráða til sín hæft, áhugasamt og traust starfsfólk. Leitast er við að skólinn sé eftirsóknarverður vinnustaður með góða vinnuaðstöðu og aðbúnað, jákvæða ímynd og að starfsmenn njóti símenntunar í samræmi við stefnumótun. Ein mikilvægasta leiðin til að byggja upp mannauð er að gera það í gegnum menntun og þjálfun og því hefur skólinn sett upp metnaðarfulla símenntunaráætlun fyrir starfsfólk þar sem því er gefinn kostur á að þróa færni sína og hæfni enn frekar (sjá kafla um símenntun).

Grunnskóli Seltjarnarness starfar eftir starfsmannastefnu Seltjarnarnesbæjar en hún felur í sér grundvallarreglur um væntingar og samskipti. Slíkar reglur eru liður í því að skapa eftirsóknarverðan vinnustað þar sem fólk getur notið hæfileika sinna og þroskast í starfi öllum til hagsbóta.

Markmið starfsmannastefnu Seltjarnarnesbæjar er að ná fram eftirtöldum markmiðum:

- Að ráða hæft, áhugasamt og traust starfsfólk og efla það í starfi.
- Að tryggja góða vinnuaðstöðu fyrir starfsfólk og leggja kapp á að aðbúnaður, hollustu-hættir og vinnuaðstaða sé eins og best verður á kosið.
- Að gagnkvæmt traust og gott samstarf ríki meðal og á milli starfsfólks og kjörinna fulltrúa.
- Að starfsfólk eigi kost á fræðslu og endurmenntun, sem eykur þekkingu þess í starfi.

- Að starfsfólk sé vel upplýst um verkefni sín og skyldur svo og um stjórnkerfi Seltjarnarness.
- Að treysta góð samskipti milli starfsmanna og bæjarbúa.
- Að starfsemi stofnana sveitarfélagsins verði skilvirk og hagkvæm

Starfsumhverfið á að vera öruggt og heilsusamlegt. Áherslan er á gott starfsumhverfi, starfsmannaval, samvinnu, hrós, endurgjöf, fræðslu og starfsþróun. Alls störfuðu 110 starfsmenn við Grunnskóla Seltjarnarness skólaárið 2009-2010. Menntun starfsfólks við kennslu skiptist þannig að 91% hafa grunnskólakennaramenntun, 3% aðra háskólamenntun og kennsluréttindi og 6% eru án kennsluréttinda (þessir starfsmenn kenndu valgreinar á unglingastigi). Tveir þroskaþjálfar voru starfandi við skólann og tveir náms- og starfsráðgjafar. Aðrir starfsmenn skólans hafa fjölbreyttan bakgrunn í námi og uppruna.

Stjórnunarteymi skólans skipa auk skólastjóra, 2 aðstoðarskólastjórar, 2 deildastjórar stiga og deildarstjóri sérkennslu. Í Grunnskóla Seltjarnarness hefur fastur kjarni starfsfólks starfað lengi við skólann og er meðalaldur starfsfólks fremur hár. Starfsmannavelta kennara og uppeldismenntaðs starfsfólks hefur ekki verið há í gegnum tíðina (ekki eru til tölur um starfsmannaveltu). Í Grunnskóla Seltjarnarness leggjum við áherslu á að allir sem í skólanum starfa fái notið sín og að nýttar séu sterkar hliðar starfsfólksins. Einnig er mikilvægt að starfsfólki finnist það hafa eitthvað til málanna að leggja og upplifi að á það sé hlustað.

Mat og úrbætur

Í Grunnskóla Seltjarnarness er traust starfsfólks með góða menntun. Í könnun á líðan og samskiptum meðal starfsfólks (2009) kemur fram að 83% starfsfólks líður vel í vinnunni og finnst vinnuaðstæður góðar. 77% starfsfólks finnst vinnustaðurinn vera góður vinnustaður. 90% segjast eiga góð samskipti við annað starfsfólk og 84% segjast vera í góðum samskiptum við stjórnendur. Stuðningur frá skólastjórnendum mældist 54% í könnun 2008 en 63% segjast nú fá góðan stuðning frá stjórnendum þannig að vonandi er þessi þáttur á uppleið. Í könnun á líðan og samskiptum meðal starfsfólks (2008) kemur fram að 90% starfsfólks líður vel í vinnunni og 90% telja skólann góðan vinnustað. Almenn mat á þessum niðurstöðum er því að starfsfólk sé almennt ánæggt í vinnunni og að starfsaðstæður og starfsánægja sé almennt góð.

Aðeins 34% starfsfólks segist fá hrós frá stjórnendum þegar það gerir vel. Hlutfall þeirra sem líður vel á vinnustað og finnst vinnustaðurinn góður hefur lækkað milli ára.

Flestir eru meðvitaðir um jákvæð áhrif þess að hrósa. Hins vegar erum við allt of spör á hrósið. Að hrósa er frábær leið til að hvetja samstarfsfólk. Með því að hrósa af einlægni sýnum við persónulegan áhuga og viðurkenningu auk þess sem við sýnum í verki að við erum eftirtektarsöm og vingjarnleg. Stjórnendur í Grunnskóla Seltjarnarness setja sér að hrós meira fyrir vel unnin störf en vera jafnframt meðvitaðir um að hrós getur virkað mismunandi á einstaklinga.

Marktækur munur er á niðurstöðum kannana síðustu tveggja ára varðandi líðan starfsfólks við skólann og skýrast þær vafalítið af því óvissuástandi sem hefur ríkt í stjórnslu bæjarins vegna fjármálakreppunnar. Sameining nemenda í bekki, fækkun nemenda í bæjarfélaginu og fækkun kennslustunda hefur fækkað stöðugildum við skólann og því hefur óvissuástand verið mikið. Þetta ástand skýri þessa breytingu að einhverju leyti. Einnig hefur starfsfólk kvartað undan miklu vinnuálagi, mörgum þróunarverkefnum og aukaverkefnum frá stjórnendum. Þetta gæti einnig skýrt vaxandi vanlíðan í starfi. Vinnufundur með starfsfólki að hausti, þar sem fjallað er um þau verkefni sem til greina koma og hvaða verkefni starfsfólk er sammála um að séu mikilvægust, gæti verið lausn á þessu vandamáli.

Líðan og samvinna

Í Grunnskóla Seltjarnarness er samvinna og lýðræði. Það er því mikilvægt að skipuleggja fundahöld vel. Fundirnir eru lífæð skólans en þar fara fram skoðanaskipti, ákvarðanir eru teknar og leyst er úr ágreiningi.

Talsverð samvinna er milli kennara einstakra árganga á yngsta og miðstigi og milli kennara einstakra námsgreina á unglingsstigi. Um 77% kennara telja sig mjög/frekar virka í samstarfi við vinnufélaga sína í síðustu starfsmannakönnun en hún var framkvæmd á haustönn 2009. Í **Mýrarhúsaskóla** eru árganga- og stigsfundir haldnir reglulega og kennarafundir eru haldnir tvisvar í mánuði. Í **Valhúsaskóla** eru haldnir almennir kennarafundir þrisvar til fjórum sinnum í mánuði. Fundaskipulag er sent út fyrir hverja tvo mánuði í senn auk þess sem efni sérhvers fundar er kynnt starfsmönnum með góðum fyrirvara þannig að allir geti lagt til málanna og tekið þátt í umræðum og ákvörðunum. Faggreinafundir eru skipulagðir og haldnir af kennurunum sjálfum.

Fundahöld eru eftirfarandi:

- Kennarafundir eru ýmist haldnir á þriðjudögum kl. 14:00-16.00 eða miðvikudögum frá kl. 14:45-16:00. Oftast er um upplýsingagjöf og ákvarðanatöku að ræða.
- Fundað er með skólaráði u.þ.b. einu sinni í mánuði.
- Nemendaverndarráð fundar annan hvern fimmtudag í Valhúsaskóla og annan hvern þriðjudag í Mýrarhúsaskóla.
- Áfallaráð og eineltiráð er kallað saman eftir þörfum.

Mat og úrbætur

Kennarar eru misánægðir með fundahöld í Grunnskóla Seltjarnarness. Á kennarafundi eftir áramót 2010 voru gerðar úrbætur á skipulagi kennarafunda en kennarar unnu í hópum að því að gera fundareglur fyrir skólann.

Þó upplýsingaflæði til kennara sé nokkuð gott þarf að bæta upplýsingaflæði til almennra starfsmanna þar sem þeir sitja ekki fundi nema einstöku sinnum og nota ekki tölvupóst í vinnunni en upplýsingar eru gjarnan sendar í tölvupósti.

Símenntun

Fyrir nokkrum árum sóttu allir kennarar Grunnskóla Seltjarnarness tvö stór námskeið, annars vegar í fjölbreyttum kennsluháttum og hins vegar í fjölbreyttu námsmati. Þessi námskeið skiluðu því miður ekki þeim árangri sem að var stefnt. Margir kennarar upplifðu þessi námskeið sem skylduverkefni sem þeim væri gert að afplána. Árið 2008-2009 var lögð áhersla á innleiðingu Uppbyggingarstefnunnar en það var fyrsta ár í innleiðingu stefnunnar. Auk þess voru ýmsir fræðslufundir fyrir kennara, þroskaþjálfara og stuðningsfulltrúa. Annað starfsfólk skólans fékk námskeið í Uppbyggingarstefnunni auk námskeiða að eigin ósk. Starfsfólk virtist almennt sátt við þessa símenntun en þó eimdi enn eftir af þeirri hugsun að þarna væri um skylduverkefni að ræða sem þyrfti að afplána.

Með þessa reynslu að leiðarljósi var rætt við kennara og ákveðið að móta nýtt fyrirkomulag símenntunar þar sem tekið væri tillit til mismunandi þarfa starfsfólks til þróunar í starfi. Meginhugmyndin var að veita starfsfólki tækifæri til að taka símenntunina í eigin hendur. Fljótlega var farið að ræða um verkefnið sem „klæðskerasaumaða“ símenntun en það er heiti sem síðar festist í sessi enda snýst verkefnið um að kennarar beri sjálfir ábyrgð á símenntun sinni. Þeir ráða því hvað þeir leggja áherslu á en skuldbinda sig til þess að miðla starfsfélögum sínum af þeirri reynslu eða þekkingu sem þeir viðá að sér.

Stjórnendur leituðu til sérfróðra aðila á þessu sviði eftir ráðgjöf og handleiðslu við verkefnið. Þau sem tóku þessa handleiðslu að sér eru Ingvar Sigurgeirsson, prófessors við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, og Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, kennslufræðingur og doktorsnemi við Menntavísindasvið.

Í lok skólaárs, vorið 2009, funduðu stjórnendur verkefnisins í fyrsta skipti með kennurum. Markmiðið var að fá tilfinningu fyrir áhugasviði kennara og hugmyndum þeirra um viðfangsefni. Skipulagðir voru fundir með litlum hópum þar sem kennarar fengu tækifæri til að lýsa viðhorfi sínu til þess hvers konar símenntunarverkefni þeir teldu brýnust eða þeir hefðu helst áhuga á. Á fundunum voru kennarar einnig beðnir um að nefna hvers konar fræðslufundi og námskeið þeir vildu að yrðu í boði á næsta skólaári. Til undirbúnings þessum fundum voru kennarar beðnir að ígrunda eftirfarandi spurningar:

1. Hvað er ég ánægð/ánægður með í kennslunni hjá mér?
2. Hvað þarf helst að bæta?
3. Hvað langar mig að skoða, bæta mig í?

Áhugaefni kennaranna reyndust afar fjölbreytt. Meðal þess sem þeir nefndu voru fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir, þverfagleg samvinna, lestrarkennsla, heildstæð móðurmálskennsla, gagnvirkur lestur, útikennsla, heimabyggðarkennsla, safnkennsla, heimanám, námsefnisgerð, aga- og bekkjarstjórnun, að koma betur til móts við ákveðna hópa nemenda (t.d. drengi, bráðgera nemendur og getulitla nemendur) og samfella milli skólastiga. Þá höfðu margir áhuga á bæta við sig í upplýsingatækni, t.d. með því að læra gerð námsvefja og fá þjálfun í

notkun raftöflu (Smartboard), en nokkrar slíkar eru til í skólanum. Margir kennarar töluðu um áhuga á heimsóknum í aðra skóla þar sem kennarar hefðu verið að fást við eftirtektarverð verkefni og læra af reynslu þeirra.

Mat og úrbætur

Í lok skólaárs var staða verkefnisins metin á formlegan hátt. Einnig var gerð ný þarfagreining sem fór fram með sama hætti og í upphafi verkefnisins, þ.e. með viðtölum við kennara. Verkefninu lauk síðan með skipulögðum kynningardegum. Þar kynntu allir kennarar verkefni sín, hver með sínum hætti. Flutt voru erindi, settar upp sýningar, veggspjöld og glærukynningar. Kennarar og aðrir gestir gengu á milli og kynntu sér afraksturinn. Ekki höfðu allar áætlanir gengið eftir, ýmsar nýjar hugmyndir höfðu fæðst, en afraksturinn var engu að síður afar fjölbreytilegur og áhugaverður.

Í lok skólaársins var lögð könnun fyrir kennara þar sem þeir voru beðnir að leggja mat á hvernig til hefði tekist. Viðhorf þeirra reyndist undantekningarlítið mjög jákvætt, bæði gagnvart fyrirkomulaginu og þeim námskeiðum og fræðslufundum sem voru í boði. Nokkrir bentu þó á að þeir hefðu getað nýtt sér meiri ráðgjöf. Einstaka kennara þótti hinn ytri rammi verkefnisins íþyngjandi, t.d. sú skylda að þurfa að gera öðrum grein fyrir verkefnum sínum eða að hafa utanaðkomandi stjórnendur líkt og þeim væri ekki treyst. Þá hefur orðið nokkur umræða um eðli símenntunar af þessu tagi og hvort allir kennarar bæti í raun og veru þekkingu sína eða hæfni. Spurt hefur verið: Er raunveruleg símenntun eða starfsþróun fólgin í þessari nálgun. Auðvitað verður aldrei hægt að svara slíkri spurningu. Stjórnendur telja hins vegar að símenntun af þessu tagi sé líklegri til að auka starfsgleði og hæfni kennara og skila sér til nemenda á fjölbreyttan hátt.

Þrátt fyrir umræðu og efasemdir sem þessar liggur ljóst fyrir að meginniðurstaðan er mjög jákvæð. Ákveðið hefur því verið að halda áfram að þróa „klæðskerasniðna símenntun“ í Grunnskóla Seltjarnarness skólaárið 2010–2011. Byggt verður á mikilvægri reynslu síðastliðins vetrar og líkt og fyrr, á óskum og væntingum kennara.

Símenntunaráætlanir skólans (síðustu þrjú árin) eru aðgengilega á vefsíðu skólans en þar er nánari upplýsingar að finna.

Starfsandi

Eitt af einkunnarorðum Grunnskóla Seltjarnarness er vellíðan og teljum við mikilvægt að starfsandinn einkennist af því að starfsfólki líði vel og finnist gaman og gott að koma í vinnuna. Kaflinn um starfsanda er því samofinn þáttum í köflunum um mannauð, líðan og símenntun og er hér með vísað í þá kafla. Við teljum mikilvægt að líta ekki á góðan starfsanda sem sjálfsgóðan hlut heldur eitthvað sem þarf að hlúa að og viðhalda. Þáttur í því er að stuðla að öflugum

félagsstarfi í skólanum með ýmsum skemmtilegum uppákomum. Á hverju hausti eru skipaðar nefndir sem sjá um að undirbúa þessar uppákomur, s.s haustferð, jólagleði, árshátíð og vorferð.

Mikilvægt er að hafa einhvers konar hópefli að hausti til þess að ná hópnum vel saman og hefur hefð skapast fyrir því að fara út fyrir borgarmörkin og fara t.d. í leiki, gönguferðir, skoða söfn og borða góðan mat. Jólagleðin er hátíðleg og góð stund meðal starfsfólks og stundum hefur verið tekið upp á því að hittast í jólaföndri líka. Árshátíð er árlegur viðburður og hefur verið með margvíslegu sniði í gegnum árin. Síðustu tvö ár hefur verið haldin stór árshátíð með öllum sem vinna hjá bæjarfélaginu. Það hefur gefið góða raun og myndar sterkari bönd milli þeirra sem vinna hjá bænum. Hefð hefur skapast fyrir því að vorferðin sé óvissuferð út fyrir bæinn. Starfsfólk stendur svo iðulega fyrir minni viðburðum eins og gönguferðum, föndurkvöldum, leikhús- eða bíóferðum og einhverjir hafa tekið sig saman og stofnað leshring.

Mat og úrbætur

Í könnun á líðan og samskiptum 2009 kemur fram að 90% starfsfólks segist eiga í góðum samskiptum við annað starfsfólk skólans og 80% starfsfólks segist eiga í góðu samstarfi við aðra. Þetta teljum við mjög mikilvæga þætti í að skapa góðan starfsanda, þ.e. að fólki komi vel saman og það starfi vel saman. Það skapar öfluga liðsheild.

Í könnun á líðan og samskiptum 2009 kemur í ljós að 55% starfsfólks telur starfsandann í skólanum vera góðan. Það skýrist kannski af því að það eru ekki nema 48% sem taka að jafnaði þátt í auglýstu félagsstarfi og 40% segjast taka þátt í að efla starfsandann á einhvern hátt.

Í kaflanum um mannauð var lagt til að fundað yrði með starfsfólki að hausti varðandi þróunarverkefni og önnur verkefni yfir skólaárið. Stefnt er að því að á sama fundi verði rætt um félagsstarf skólans og hugað að breytingum eða viðbótartilboðum svo sem flestir fái eitthvað við sitt hæfi. Með því viljum við ná hlutfalli starfsfólks sem finnst starfsandinn í skólanum góður upp í a.m.k. 70% við næstu könnun.

Stjórnun og skipulag

Stjórnunarteymi Grunnskóla Seltjarnarness skipa auk skólastjóra tveir aðstoðarskólastjórar auk deildarstjóra. Annar aðstoðarskólastjórinn situr í Mýrarhúsaskóla (1. – 6. bekk) og hin í Valhúsaskóla (7. – 10. bekk) en saman vinna allir að stefnumörkun fyrir allan skólann. Einn deildarstjóri stígs er í hvorri byggingu (voru tveir til haustsins 2009) og loks deildarstjóri sérkennslu sem sinnir öllum skólanum. Í skólanum starfar einnig verkefnastjóri tölvumála í fullri stöðu.

Í Grunnskóla Seltjarnarness hafa stjórnendur menntun og velferð nemenda að leiðarljósi, jákvætt viðhorf til starfsmanna sinna, nemenda og foreldra þeirra. Þeir bera ábyrgð á störfum

starfsmanna sinna og nemenda og vinna með þeim að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Lögð er áhersla á virkt upplýsingaflæði og að allir, sem vinna í skólanum, bæði nemendur og starfsfólk séu upplýstir um það til hvers er ætlast af þeim bæði varðandi vinnu og framkomu.

Skólastjórnendur funda vikulega. Þeir skipta með sér verkum, gera áætlanir, miðla upplýsingum og ræða þau mál sem takast þarf á við varðandi daglega stjórnun. Með tilkomu netsins er skipulag funda, fundaboð og flestar tilkynningar sendar starfsmönnum í tölvupósti. Deildarstjóri sérkennslu fundar reglulega með sérkennurum, þroskaþjálfum og stuðningsfulltrúum.

Mat og úrbætur

Á síðustu árum hefur nemendum fækkað mjög hratt í skólanum og endurskoðun á skipulagi stjórnar er nauðsynleg. Ákveðið hefur verið að skoða nýja uppsetningu stjórnunar á næsta skólaári auk þess að fara yfir verkaskiptingu en nýtt skipurit verður sett upp samhliða þeirri vinnu. Sjá nánar t.d. í kaflanum um líðan.

Sterkir þættir, veikir þættir og önnur verkefni framundan

Á þessum matsárum, árunum 2006-2010, hefur verið unnið að því að yfirfara og endurmeta fjölda þátta er lúta að skólastarfinu í Grunnskóla Seltjarnarness. Það sem mestu hefur skipt er endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlunar (kennsluáætlanir, símenntunaráætlun o.fl.). Þessari vinnu lýkur aldrei en á þessum síðustu árum hefur öllum orðið ljóst mikilvægi þess að skólanámskráin og starfsáætlunin gefi góða mynd af skólastarfinu. Starfsfólk skólans er einnig sammála um mikilvægi þess að allar upplýsingar séu nemendum, foreldrum og öðrum sem koma að skólastarfinu aðgengilegar á vefsíðu skólans og hefur vefsíðan eflst og styrkst. Þetta jákvæða viðhorf starfsmanna Grunnskóla Seltjarnarness er ein af meginstoðum skólans.

Það sem mikilvægast er að styrkja í skólanum lítur að líðan nemenda og þá sérstaklega drengja. Gerð verður áætlun um viðtöl við nemendur í minni hópum, rýnihópaviðtöl, og jafnvel viðtöl við foreldra líka. Það er óásættanlegt að nemendum okkar líði ekki eins vel og nemendum í öðrum skólum.

Annað mikilvægt verkefni sem er framundan er innleiðing nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla sem von er á vorið 2011. Ljóst er að í kjölfar hennar fer af stað mikil vinna við endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlunar.

Eftir þessa yfirferð á sjálfsmati skólans er sjálfsmatshópurinn sammála um gildi þess að hafa tekið inn Skólalámskránni fyrir tveimur árum. Með honum fæst mikilvægur samanburður við aðra skóla en skólinn bjó ekki yfir slíkum upplýsingum fyrir þann tíma. Í ljósi þeirrar reynslu hefur verið ákveðið að setja upp annars konar matsáætlun en þá sem unnið hefur verið eftir þar sem áhersla er á að fá utanaðkomandi aðila til að gera kannanirnar og fá þá samanburð við fleiri

sveitarfélög. Áhersla innan skólans yrði því á að meta hjarta skólastarfsins, nám og kennslu, og að vinna aðgerðaráætlun út frá niðurstöðum kannanna. Reynsla okkar er sú að of mikil vinna hefur farið í uppsetningu kannanna og í kynningu á niðurstöðum á kostnað formlegrar úrvinnslu. Það er mikilvægt að leggja frekar áherslu á úrvinnslu því niðurstöður kannanna hafa svo sannarlega haft áhrif á starfshætti skólans og þær áherslur sem lagðar hafa verið bæði af stjórnendum og starfsfólki.

Til að matið verði heildrænt en samt ekki of þungt í vöfum verður það lagt fram til næstu þriggja ára. Verkefni hvers mánaðar fyrir sig verður skilgreint þannig að vinnan verður unnin jafnt og þétt yfir veturinn og verkaskipting stýrihópsins skýr. Áhersla verður á einkunnarorð Grunnskóla Seltjarnarness en þau eru **virðing, ábyrgð og vellíðan**. Þessum einkunnarorðum er ætlað að gefa tóninn fyrir skólabraginn og vera leiðarljós í öllu starfi skólans.

Seltjarnarnesi, haustið 2010

Edda Óskarsdóttir

Fjóla Höskuldsdóttir

Guðlaug Sturlaugsdóttir

Helga Kr. Gunnarsdóttir

Laufey A. Sigvaldadóttir

Margrét Sigurgeirsdóttir

Ólína Thoroddsen